

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Starfsáætlanir frístundamiðstöðva 2021-2022*

Hér eru lagðar fram starfsáætlanir þriggja frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs, Kringlumýrar, Miðbergs og Tjarnarinnar fyrir starfsárið 2021-2022. Sameinuð frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar sem mun taka til starfa 1. janúar 2022 mun í janúar skila starfsáætlun sinni fyrir tímabilið janúar 2022 - ágúst 2022. Starfsáætlun Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ), sem hefur heyrt undir Gufunesbæ, fylgir hins vegar hér með.

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfum borgarinnar. Að auki verður verkefnið Betri borg fyrir börn fyrirferðarmikið á komandi starfsári, en það felur meðal annars í sér innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Tilgangur starfsáætlana er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlanir eru birtar opinberlega og gefa starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvanna gekk á síðasta starfsári, hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnu og frístundastefnu á starfsárinu og hvaða þróunarverkefnum verður unnið að. Í starfsáætlunum eru einnig birtar jafnréttisáætlanir frístundamiðstöðvanna.

Starfsáætlanirnar gilda frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlunum frístundamiðstöðva.